

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2024, fimmtudaginn 23. maí kl. 14:00, hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 58. fund sinn í nafnanefnd Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn á skrifstofu Reykjavíkurborgar Borgartúni 14.

Fundinn sátu Ásrún Kristjánsdóttir, Ólöf Skaftadóttir, Óttar Kolbeinsson Proppé, Ingvar Jón Bates Gíslason og Brynjar Þór Jónasson.

Fundarritari var Brynjar Þór Jónasson

**Þetta gerðist:**

**1. Tillaga fulltrúa Vinstri grænna um að skoða nafnabreytingu á Hátúni - USK23090131**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 13. september 2023 og að nýju 1. nóvember 2023 var lögð fram tillaga fulltrúa Vinstri grænna um að skoða nafnabreytingu á Hátúni. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti að skoða nafnabreytingu á Hátúni. Í raun eru þetta tvær götur, önnur gatan er norður-suður og hin gatan liggur þvert á, austur-vestur. Lagt er til að sú gata sem liggur í norður-suður fái nafnið Ólafartún í höfuðið á Ólöfu Ríkharðsdóttur ein stofnenda ÖBÍ en skrifstofur ÖBÍ voru til margra ára í Hátúni 10. Ólöf Ríkharðsdóttir var ötul baráttukona og brautryðjandi fyrir réttindum fatlaðs fólks og öryrkja. Hún lagði mikla áherslu á húsnæðismál sem fatlað fólk nýtur góðs af enn í dag. Eins lyfti hún ásamt fleirum, grettistaki í aðgengismálum fatlaðs fólks að opinberum byggingum, sérmerktum bílastæðum og ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Það færi vel á því að heiðra minningu hennar með götunafnagjöf og um leið fjölga götum í Reykjavík sem heita eftir konum.

Götunafnanefnd Reykjavíkurborgar leggur til að nafni norður-suður hluta götunnar Hátuns verði ekki breytt í Ólafartún. Nefndin telur að almennt sé óæskilegt að breyta heitum gatna að hluta eða í heild jafnvel þótt rík ástæða og þung rök kunni að liggja að baki. Sérstaklega telur nefndin varasamt að breyta heitum gatna eins og Hátúns, sem hafa staðist tímans tönn og eiga sér sérstakan stað í huga margra borgarbúa. Hátún er rótgróið götuheiti í hjarta borgarinnar sem hefur brugðið fyrir í menningarefni þjóðarinnar í gegnum árin og áratugina, meðal annars í þekktum verkum á borð við Engla alheimsins. Vel kann að vera að ástæða sé til að horfa til Ólafar Ríkharðsdóttur og hennar starfa við framtíðar götunafngiftir í Reykjavík.

**Fundi slitið kl. 15:00**